

Það gefi guð vors lands
Úr ræðu herra Sigurbjörns Einarssonar

biskups á Hrafnseyri 17. júní

BISKUPINN bað þess að íslensk þjóð mætti lúta fordæmi Jóns Sigurðssonar forseta og með því öðlast virðingu forfeðra sinna og þakkir niðja sinna. Sigurbjörn ræddi mikilvægi þess að tengsl nútíðar við fortíðina rofnuðu ekki og dvaldi við undirstöðu lífsstarfs Jóns Sigurðssonar sem hann sagði hafa verið manngildishugsjónir vestrænnar, kristinnar menningar> í upphafi máls síns minntist biskup forsetahjónanna frú Dóru Þórhallsdóttur og herra Ásgeirs Ásgeirssonar og ræktarsemi þeirra við Hrafnseyri. Hann kvaðst vera svo til ára kominn að hann myndi þá tíð að engin þjóðhátíð hefði verið haldin á Íslandi. Síðan sagði hann að það að sjá lýðveldið fæðast, renna upp eins og langþráðan morgun, væri ugglaust önnur tilfinning en að alast upp við þjóðhátíð sem sjálfsagða. Þess bað biskup að aldrei yrði hugsað til þjóðhátíðar á Íslandi með tómlæti. „Þjóðarvitund byggist á minni“, sagði Sigurbjörn. „Minnislaust, sögulaust fólk er ekki þjóð“. Hann sagði að enginn Íslendingur gengi ósnortinn í garð á Hrafnseyri. Þar hefði fæðst og vaxið úr grasi einn mesti gæfumaður íslensku þjóðarinnar, gæfumaður í þeim skilningi íslenskum að sá sé gæfumaður sem aðrir hljóta gæfu af. Biskupinn sagði að elska Jóns Sigurðssonar til lands og þjóðar hefði verið vakin á Hrafnseyri. Þar hefðu töfrar og atlot landsins greipt sig í vitund hans sem barns. Bernskuheimili Jóns hefði verið fremur fátækt og eins og aðrir Íslendingar þess tíma hefði hann snemma gengið að vinnu og þannig kynnst daglegum kjörum þjóðarinnar. Af þessu hefði Jón lært að geta látið sér þykja vænt um mennina þrátt fyrir galla þeirra og bresti, eða kannski vegna þeirra. Menntunarinnar í föðurgarði Jóns væri og skylt að geta. Frá foreldrum sínum .maddömmu Þórdísi og séra Sigurði, hefði hann farið fullbúinn til inngöngu í háskóla. Íslensku hefði hann lært til þeirrar hlítar í foreldrahúsum að hann tjáði sig vandræðalaust í ræðu og riti eftir það. Þeim undirbúningi gæti hvaða menntastofnun nútímans sem væri verið fullsæmd af. Biskupinn sagði að sú íslenska alþýðumenning sem Jón Sigurðsson óx upp úr hefði verið grundvölluð á vestrænni, kristinni manngildishugsjón. Nú væri hart sótt að þessari hugsjón og hættan mest stafaði af alþjóðlegu auðmagni sem vildi þurrka út öll sérkenni menningarinnar og sæi það eitt gildi í manningum hvernig hann gæti orðið að mestri fépúfu. „Þær viðjar eru verstar sem menn leiða sjálfir yfir sig í dansinum kringum gullna kálfinn“, sagði Sigurbjörn biskup. „Megi íslensk þjóð lúta fordæmi Jóns Sigurðssonar og afla sér þannig virðingar forfeðranna og þakkir niðjanna. Það gefi guð vors lands.“

Morgunblaðið 20. júní 1991, bls. 13